

Mál nr. 502/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur á bifreiðaplani í Garðabæ þ. 11.10.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V-1 dags. 21.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-4
3. Bréf V-2 dags. 23.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2.

Málsatvik.

Árekstur varð þegar báðum bifreiðunum var bakkað á bifreiðastæði. Ökumaður A segist hafa verið búin að bakka úr stæði og verið að leggja af stað áfram þegar B hafi bakkað aftan á A. Ökumaður A segir að ökumaður B hafi hætt við að leggja í þröngt stæði og ákveðið að bakka í annað stæði hinu megin á bifreiðastæðinu. Ökumaður B segist hafa verið aðb akka úr stæði til að leggja í annað og litið aftur fyrir sig og ekki séð neina bifreið en síðan lent fyrirvaralaust í árekstri við A og telur ökumaður B að ökumaður A hafi bakkað úr stæði á sama tíma og hún var að leggja af stað af bílastæði.

Álit.

Á framhlið tjónstilkynningar er merkt við reit af ökumönnum A og B þar sem segir að bifreiðinni hafi verið bakkað. Ekki er merkt við að reit sem segir að ökutæki hafi verið kyrrstætt. Af gögnum málsins má ráða að hvorugur ökumaður vissi af hinum þegar bifreiðum þeirra var bakkað. Að virtum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annann ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 19.12.2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.